



Ársskýrsla og ársreikningar
Siglingasamband Íslands
23. febrúar 2019



Dagskrá 46. Siglingaþings.....	4
Stjórn SÍL kosin á 45. Siglingaþingi 2018	4
Yfirlit yfir iðkendur	5
Skýrsla formanns.....	6
Árþing Alþjóða siglingasambandsins (World Sailing)	8
Skýrsla Úlfs H. Hróbjartssonar, fulltrúa Norður- og Eystrasaltslanda í WS Council.....	8
Úrslit móta 2018.....	9
Kayakar	9
Kænur	10
Kjölbátar.....	12
Reikningar 2018.....	14
Rekstrarreikningur	14
Efnahagsreikningur	15
Áritun skoðunarmanna	16

Dagskrá 46. Siglingaþings

1. Formaður setur þing
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
 - a) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar- og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr. 6 gr.
 - b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2)
 - c) Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSí
18. Þingslit

Stjórn SÍL kosin á 45. Siglingaþingi 2018

Jón Pétur Friðriksson	formaður
Andri Þór Arinbjörnsson	varaformaður
Kjartan Sigurgeirsson	gjaldkeri
Kristján Sigurgeirsson	ritari
Ragnar Hilmarsson	meðstjórnandi
Eypór Agnarsson	varamaður
Ingvar Björnsson	varamaður
Rúnar Þór Björnson	varamaður

Yfirlit yfir iðkendur

Héraðssamband/félög	2014	2015	2016	2017	2018
Íþróttabandalag Reykjavíkur					
Brokey, siglingafélag Reykjavíkur	198	198	205	170	168
Kayakklúbburinn	497	497	497	493	492
Ungmennafélag Kjalarnespings					
Siglingafélagið Ýmir	253	252	252	249	259
Íþróttabandalag Akureyrar					
Siglingafélagið Nökkvi	53	-	53	-	182
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar					
Siglingaklúbburinn Þytur	476	257	296	303	379
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu					
Siglingadeild Snæfells	25	25	25	25	1
Héraðssamband Vestfirðinga					
Siglingafélagið Sæfari	50	-	50	50	50
Ungmennasamband Skagafjarðar					
Siglingaklúbburinn Drangey	66	66	97	97	97
Íþróttabandalag Akraness					
Siglingafélagið Sigurfari				11	44
Alls	1.618	1.295	1.475	1398	1672

Í töfluna vantar Siglingadeild Völsungs, Sjóportsklúbb Austurlands og Kayakklúbbinn KAJ, félag kajakræðara á Austurlandi, þar sem ekki eru til nein talnagögn fyrir þessi félög í Felix, félagaskrá ÍSí, fyrir þetta tímabil.

Skýrsla formanns

Flest okkar þurfum að bíða eftir sumrinu til að stunda siglingar og það getur reynt á þolinmæðina að vera siglari á Íslandi. Þó er vaskur hópur siglara sem stundar siglingar allt árið og er eitt mikilvægasta verkefni SÍL að vinna með þeim einstaklingum sem teljast til afreksíþróttafólks samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ. Það er þó langt í frá eina verkefni SÍL og það verður ekki til afreksfólk ef við hlúum ekki að grasrótinni.

Segja má að grasrótin sé fyrst og fremst í kænustarfi félaganna. Sum þeirra eru með öfluga starfsemi í kringum sumarnámskeiðin og skipta þátttakendur í þeim tugum ef ekki hundruðum. Segja má að það hafi verið tveir hápunktar í kænustarfinu á liðnu starfsári. Ber þar fyrst að nefna æfingabúðir SÍL og Sigurfara, siglingafélags Akraness. Aðalþjálfari var Flor Cerrutti frá Argentínu, fyrrum Ólympískur siglari og þjálfari í Alþjóðlegu siglingamiðstöðinni í Barcelona. Það var afar fróðlegt og skemmtilegt að sjá hvernig hún náði að draga fram það besta í öllum þátttakendum og skipti engu hvort um var að ræða byrjendur eða þá sem lengst eru komnir. Siglararnir voru mjög ánægðir og voru sumir jafnvel farnir að leggja drög að því að fara á framhaldsnámskeið í Barcelona áður en æfingabúðirnar voru á enda. Æfingabúðirnar vöktu mikla athygli Akurnesinga og alla leið inn í bæjarstjórn. Þær eiga vonandi eftir að vera Sigurfara mikilvæg lyftistöng. Hinn hápunkturinn var Íslandsmótið í kænusiglingum sem að þessu sinni var í höndum Nökkva á Akureyri. Þar tókst Rúnari og samstarfsfólki hans að halda flott mót sem var vel skipulagt og skemmtilegt. Ekki skemmdi fyrir að veðrið lék við þátttakendur og heimsókn hvalanna sem sjást á myndinni á forsíðu var pylsuendanum.



Þátttakendur á æfingabúðum SÍL og Sigurfara á Akranesi fylgjast grannt með hverju orði þjálfarans, Flor Cerrutti, sem notaði upptökur til að sýna hvað mætti fara betur úti á sjó.

Afreksstarfið var umfangsmikið á árinu. Þeim styrk sem SÍL hlaut úr Afrekssjóði ÍSÍ var varið í tvö verkefni. Annars vegar hlaut Hulda Lilja Hannesdóttir styrki til að undirbúa sig fyrir Heimsmeistaramótið sem haldið var í Árósum. Hins vegar var fé veitt í verkefni sem tengjast yngri landsliðshópnum. Þegar í byrjun árs fór Hulda til Cadiz á Spáni þar sem hún tók þátt í æfingabúðum á vegum s.k. Emerging Nations Program (ENP) á vegum World Sailing og keppti svo í framhaldinu á Andaluzian Olympic Week. ENP-áætlunin hefur reynst okkur vel og var Huldu m.a. boðið að æfa sérstaklega fyrir HM með þjálfara á vegum áætlunarinnar, sem einnig var henni innan handar á HM. Þá hefur SÍL jafnframt styrkt Huldu til æfinga í Danmörku og má þar nefna TORM-æfingabúðir danska siglingasambandsins sem henni var boðið að taka þátt í. Þá keppti hún einnig á Dansk Sejl GP.

Stærsta verkefni unglingalandsliðsins var þátttaka í Norðurlandamóti unglinga sem fram fór í Båstad í Suður-Svíþjóð. Alls fóru átta manns á vegum SÍL, sex keppnir, þjálfari og fararstjóri, og hefur ekki

farið jafn stór hópur um margra ára bil. Okkar keppendur stóðu sig vel og eiga eftir að búa vel að reysnlunni sem þeir hlutu í Svíþjóð. Um jólin fóru svo tvö úr hópnum, Ríkharður Daði Ólafsson og Ísabella Sól Tryggvadóttir, til æfinga á Möltu og hlutu styrk upp í hluta af kostnaði, en SÍL telur að þar fari siglarar með bæði hæfileika og metnað sem vert er að hlúa að. Í heildina voru það átta verkefni sem fengu styrk í tengslum við afreksstarf SÍL og verður vonandi hægt að halda áfram því starfi með auknum framlögum til sambandsins.

Á árinu gengu í gildi ný lög um persónuvernd. Ljóst er að þessi lög hafa talsverð áhrif á íþróttahreyfinguna og mörg ákvæði eiga eftir að reynast íþyngjandi fyrir lítil félög. Þó verður ekki komist hjá því að hlíta þessari löggjöf og SÍL er í samstarfi við ÍSÍ, sem hefur unnið leiðbeiningar fyrir sérsamböndin um innleiðingu. Félögin geta hins vegar snúið sér til héraðssambandanna til að fá aðstoð. Brýnt er að þau geri það sem allra fyrst því lögin kveða á um að hægt sé að leggja háar sektir á þá sem brjóta þau. Þá eru þau flókin og ítarleg og því getur verið erfitt og jafnvel kostnaðarsamt að innleiða ferla sem uppfylla kvaðir þar að lútandi. Það er því brýnt að félögin leiti sér aðstoðar svo þau þurfi ekki að finna upp hjólið hvert fyrir sig.

Á síðasta þingi var lögð fram tillaga um að auka útgjöld til keppnisstarfs barna og unglunga og afreksmála um 1.000.000 með vísan til þess að sjóðir sambandsins stæðu undir því. Ekki kom fram tillaga um samsvarandi tekjuaukningu. Að sjálfsögðu var farið eftir þessari ályktun eins og sést í ársreikningi. Rekstur SÍL á árinu var mjög nálægt því sem fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir og varð því tap á rekstri sem nemur 943.749. Ef ársreikningur SÍL er skoðaður í samhengi við t.d. félögin sem aðild eiga að sambandinu er ekki hægt að segja að sjóðir þess séu digrir. Sambandinu er nauðsynlegt að eiga borð fyrir báru og er varhugavert að gera ráð fyrir því fyrirfram að reka það með halla. Ekki er gert ráð fyrir því að SÍL sé rekið í hagnaðarskyni en nauðsynlegt er að fjárhagur þess sé í jafnvægi svo það geti sinnt grundvallarskyldum sínum gagnvart aðildarfélögunum.

Í lok árs heldur SÍL að jafnaði lokahóf og ekki varð breyting á því í ár. Að venju var veittur fjöldi viðurkenninga. Eftirtaldir eru verðlaunahafar 2018:

Kayakmaður ársins: Ólafur B. Einarsson
Kayakkona ársins: Unnur Eir Arnardóttir
Siglingamaður ársins: Dagur Tómas Ásgeirsson
Siglingakona ársins: Hulda Lilja Hannesdóttir
Ævintýrabikarinn: Jens Pétur Jensen
Íslandsbikarmeistari er áhöfnin á Íris



Jens Pétur Jensen með ævintýrabikarinn, en þess má geta að hann stýrði einu íslensku skútunni sem tók þátt í Viking Offshore Race og tókst með áhöfn sinni að vinna leggin frá Þórshöfn í Færeyjum til Reykjavíkur.

Árþing Alþjóða siglingasambandsins (World Sailing)

Skýrsla Úlfs H. Hróbjartssonar, fulltrúa Norður- og Eystrasaltslanda í WS Council

Árþing alþjóða siglingasambandsins World Sailing var haldið í Sarasota í Flórída í lok október 2018. Mörg mál lágu fyrir á þinginu en mál málanna var að velja keppnisfyrirkomulag fyrir Ólympíuleikana í París 2024. Aðferðin við að velja er nokkuð flókin og tímafrek, má raunar segja að allur ferillinn spanni þrjú ár. Í fyrra voru teknar fyrir tillögum um hvernig skuli staðið að valinu og hver umgerðin á að vera. Var þá meðal annars samþykkt að halda skuli inni ákveðnum greinum það einstaklings keppni karla og kvenna, tveggjamanna skiff keppni og blönduðum tvíbolungi. Þ.e. Fimm af 10 greinum siglinga sem keppt er í á Ólympíuleikunum. Um hinar fimm skildi tekin ákvörðun á vörfundum sambandsins í London í maí 2018. Við valið þyrfti að gæta þess að keppt jafnræði væri á milli kynjanna þ.e. að konur kepptu í jafn mörgum greinum og karla og að þær væru jafn margar og karlarnir. Einnig var samþykkt að keppt yrði í 2 eða 4 blönduðum greinum.

Þessar forsendur sem samþykktar voru árið 2017 lituðu alla ákvaraðnatöku ársins. Þegar ákvarðanir um greinar eru teknar á að gera það án þess að taka tillit til hvað báta er verið að nota. En á sama tíma liggur mikil þekking og reynsla á bakvið þá báta sem eru notaðir á leikunum í dag og mjög erfitt er að knýja breytingar í gegn. Eigi að síður þá ógnuðu þessar breytingar á kynjahlutfalli stöðu Finn sem Ólympísku báts á leikunum 2024.

Þær greinar sem átti að endurskoða voru keppni karla og kvenna á seglbrettum tvíliðakeppni karla og kvenna á klassískri kænui, einstaklings keppni þyngri karla. Fyrir fundinum í London lágu því ýmsar útgáfur um hvernig hægt væri að uppfylla skilyrði um jafnræði kynjanna. Mikill hiti var í loftinu því aðstandendur Finn bátanna settu mikinn þrýsting á að halda inni grein fyrir þyngri menn.

Vorþingið endaði á að samþykkja málamiðlunar tillögu um eftirtaldar greinar á leikana. Seglbretti karla og kvenna blandaða klassíska kænui, blandaða keppni á drekabrettum (kitesurfing) og blandaða einstaklingskeppni. Tillaga um að í stað blandaðrar einstaklingskeppni væri keppt á blönduðum kjölbát var næst hlutskörpust.

Á þinginu í Sarasota lá því fyrir að velja þurfti hvernig keppa ætti í greinunum þ.e hvaða format. Ákveðið var að óbreyttu keppnirnar yrðu með hefðbundnum hætti. En um nokkra valmöguleika var að velja fyrir blönduðu drekabretting og blönduðu einstaklingskeppnina. Við lestur tillaganna sem lágu fyrir þinginu var snemma ljóst að engin góð leið var fundinn til að taka á blandaðri einstaklingskeppni á kænui. Drekaþrettin voru auðveld sem parakeppni en af því að tillögurnar fyrir blandaða einstaklingskeppni voru flestar miðaðar að því að halda Finn inni sem hluta af þeirri grein urðu þær tillögur að lélegum málamiðlunum. Framkvæmdastjórn Worl Sailing lagði því til nokkrum dögum fyrir þing að skipta út blandaðri einstaklingskeppni og setja í staðinn blandaða kjölbátakeppni (offshore). Þessi tillaga og tímasetning vakti mikið fjaðrafok sem margir sem fylgst hafa með siglinga samfélagsmiðlum hafa orðið varir við. Mörgum þótti sem illa væri komið fyrir World Sailing, talað um ólýðræðisleg vinnubrögð, ógangsaði og óheiðarleika. Auðvitað var mörgum heitt í hamsi enda margir sem hafa fjárfest í Finn siglurum og Ólympíuþrógrömmu fyrir þá bátategund. Á fundi council þar sem undirritaður situr var samþykkt að breyta fyrr ákvörðun um blandaða einstaklingskeppni í blandaða kjölbátakeppni (offshore) að tillögu framkvæmdastjórnar. Sú tillaga var einnig samþykkt á aðalfundi sambandsins þar sem allar aðildarþjóðir sambandsins hafa jöfn atkvæði. Í þessu atkvæðagreiðslum greiddi Ísland atkvæði með tillögu framkvæmdarstjórnar eins og hin Norðurlöndin.

Úlfur H. Hróbjartsson

Úrslit móta 2018

Kayakar

Að þessu sinni voru það bara þrjú mót sem töldu til stiga í keppni um Íslandsmeistara. Stigahæstu keppendur ársins 2018 eru:

	Heildar stigasöfnun ársins	Hallar-bikarinn	Hálf-mararöð	Bessastaða-keppnin	Samtals
Karlar – Ferðabátar					
1	Ólafur B. Einarsson	100	100	100	300
2	Þorbergur Kjartansson	60		80	140
3	Örlygur Sigurjónsson	80			80
4	Gunnar Ingi Gunnarsson		80		80
5	Páll Reynisson		60		60
6	Arnþór Ragnarsson			60	60
Konur – Ferðabátar					
1	Unnur Eir Arnardóttir	100	80	100	280
2	Björg Kjartansdóttir	80	100	80	260
3	Helga Garðarsdóttir	60		60	120
Karlar – Keppnisbátar					
1	Gunnar Svanberg	80	100	100	280
2	Bernhard Kristinn	100			100

HÁLFMARARÖÐ – 15. SEPTEMBER

Hálfmararöðin var eina keppnin þar sem haldið var til haga úrslitum með tímatöku.

	Nafn	Bátur	Ár	Tími
Karlar – Ferðabátar				
1	Ólafur B. Einarsson	Wave Seabird	vængár	02:19
2	Gunnar Ingi Gunnarsson	Valley Nordkapp	euro	02:43
3	Páll Reynisson	Explorer	grænlenk	03:01
Karlar – Keppnisbátar				
1	Gunnar Svanberg	EPIC V8 pro	vængár	02:27
Konur – Ferðabátar				
1	Björg Kjartansdóttir	Epic V8	vængár	02:48
2	Unnur Eir Arnardóttir	Lettmann	euro	02:58

OPNUNARMÓT – BROKEY – 26. maí 2018

opinn flokkur								
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	stig	sæti
Dagur Tómas Ásgeirsson	Brokey	Laser Radial	(2)	1	1	1	3	1
Magnús Bjarki Jónsson	Þytur	Laser 4.7	1	2	3	(3)	6	2
Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	(3)	3	2	2	7	3
Elís Hugl Dagsson	Þytur	Laser 4.7	4	4	4	(4)	12	4
Pétur Már Jónasson	Þytur	Optimist	5	5	5	(5)	15	5

MIÐSUMARMÓT – ÞYTUR – 9. júní 2018

opinn flokkur								
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	stig	sæti
Ísabella Sól Tryggvadóttir	Nökkvi	Laser 4.7	1	1	1	(2)	3	1
Magnús Bjarki Jónsson	Þytur	Laser 4.7	(3)	2	2	1	5	2
Rúnar Steinsen	Þytur	Finn	2	3	3	(5) DNS	8	3
Elís Hugl Dagsson	Þytur	Laser 4.7	4	4	(5) DNS	5 DNS	13	4
Laser Radial								
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	stig	sæti
Dagur Tómas Ásgeirsson	Brokey	Laser Radial	(2)	1	2	1	4	1
Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	1	(2)	1	2	4	2
Ásgeir Kjartansson	Brokey	Laser Radial	(4)	3	3	3	9	3
Þorgeir Ólafsson	Brokey	Laser Radial	3	(7) DNF	4	4	11	4
Ríkharður Daði Ólafsson	Ýmir	Laser Radial	(5)	5	5	5	15	5
Gunnar Haraldsson	Brokey	Laser Radial	(6)	4	6	6	16	6
Optimist								
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	stig	sæti	
Ólafur Áki Kjartansson	Brokey	Optimist	1	3	1	5	1	
Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	Optimist	2	1	3	6	2	
Hjalti Björn Bjarnason	Brokey	Optimist	3	2	2	7	3	
Pétur Már Jónasson	Þytur	Optimist	4	4	4	12	4	

ÍSLANDSMÓT – NÖKKVI – 9. ágúst 2018

Að þessu sinni var aðeins keppt í tveimur flokkum, Laser 4.7 og Optimist. Ekki reyndust nógu margir keppendur til að hægt væri að skipta Optimist í A- og B-flokk.

Laser 4.7										
keppandi	félag	1. umf.	2. umf.	3. umf.	4. umf.	5. umf.	6. umf.	7. umf.	stig	sæti
Ísabella Sól Tryggvad.	Nökkvi	1	1	1	1	(2)	1	1	6	1
Hólmfríður K. Gunnarsd.	Brokey	2	2	(3)	2	1	3	2	12	2
Magnús Bjarki Jónsson	Þytur	3	(7) DNF	2	3	3	2	3	16	3
Berglind Traustad	Þytur	4	3	4	4	4	5	(6)	24	4
Daði Jón Hilmarsson	Nökkvi	5	4	5	5	5	(6)	4	28	5
Elís Hugl Dagsson	Þytur	(6)	5	6	6	6	4	5	32	6

Optimist										
keppandi	félag	1. umf.	2. umf.	3. umf.	4. umf.	5. umf.	6. umf.	7. umf.	stig	sæti
Pétur Már Jónasson	Þytur	(3)	2	2	2	1	1	1	9	1
Árni Friðrik Guðmunds.	Brokey	1	1	3	1	2	(4)	2	10	2
Sigurður Haukur Birgiss.	Nökkvi	(5)	3	1	3	5	3	4	19	3
Bjarki Snædal	Nökkvi	2	(5)	4	5	4	2	3	20	4
Mahaut Matharel (Mao)	Nökkvi	4	4	(5)	4	3	5	5	25	5
Þórir Steingrímsson	Nökkvi	6	(8) DNS	7	6	6	6	6	37	6
Baldvin Ingi Árnasson	Nökkvi	7	(8) DNS	6	7	8 DNS	8 DNS	8 DNS	44	7

LOKAMÓT – ÝMIR – 25. ágúst 2018

opinn flokkur							
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	stig	sæti
Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	1	1	1	3	1
Dagur Tómas Ásgeirsson	Brokey	Laser Radial	2	2	2	6	2
Ásgeir Kjartansson	Brokey	Laser Radial	6	3	3	12	3
Sigurður Orri Hjaltason	Ýmir	Laser Radial	4	5	4	13	4
Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	Laser 4.7	3	7	6	16	5
Ríkharður Daði Ólafsson	Ýmir	Laser Radial	7	4	5	16	6
Atli Gauti Ákason	Brokey	Laser Radial	5	6	9	20	7
Berglind Rún Traustadóttir	Þytur	Laser 4.7	8	8	8	24	8
Marcel Mendes da Costa	Brokey	Laser Standard	9	9	7	25	9
Elís Þór Traustason	Ýmir	Laser 4.7	10	10	10	30	10
Optimist							
keppandi	félag		1. umferð	2. umferð	3. umferð	stig	sæti
Hjalti Björn Bjarnason	Brokey		1	2	1	4	1
Ólafur Áki Kjartansson	Brokey		3	1	2	6	2
Pétur Már Jónasson	Þytur		2	4	3	9	3
Árni Friðrik Guðmundsson	Brokey		4	5	4	13	4
Hrafnkell Stefán Hannesson	Brokey		5	3	5	13	5
Högni Halldórsson	Brokey		6	6	6	18	6

ÁRAMÓT – ÝMIR

Annað árið í röð var ekki hægt að halda Áramót en að þessu sinni var það venjuleg vetrarlægð með hífandi roki sem var ástæðan.

OPNUNARMÓT KJÖLBÁTA – ÞYTUR – 14. ágúst 2018

sæti	bátur	forgjöf	félag	sigldur tími	leiðr. tími
1	Íris	0,885	Brokey	02:40:13	02:21:48
2	Dögun	0,839	Brokey	20:51:19	02:23:34
3	Lilja	0,976	Þytur	02:31:42	02:28:04
4	Sigurborg	0,931	Ýmir	02:40:24	02:29:20
5	Ísmolinn	0,981	Þytur	02:38:43	02:35:42
6	Ögrun	0,999	Brokey	02:38:12	02:38:02
7	Ásdís	0,822	Þytur	DNF	

FAXAFLÓAHAFNIR – BROKEY – 23-24. júní 2018

úrslit	bátur	félag	1. umferð	2. umferð	samtals
1	Besta	Brokey	1	2	3
2	Íris	Brokey	3	1	4
3	Sigurborg	Ýmir	2	4	6
4	Skegla	Þytur	4	3	7
5	Dögun	Brokey	5	5	10
6	Ásdís	Þytur	6	7 (DNF)	13

ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA – ÞYTUR – 15.-19. ágúst 2018 – heildarúrslit

úrslit	Bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð	6. umferð	Stig
1	Ísmolinn	1	1	1	2	2	(4)	7
2	Íris	2	2	2	1	(4)	2	9
3	Dögun	3	3	3	(3)	1	1	11
4	Sigurborg	4	5	4	(5)	3	3	19
5	Ögrun	5	4	5	(6)	5	5	24
6	Aquarius	6	6	6	4	7	(7)	29

LOKAMÓT KJÖLBÁTA – ÝMIR – 8. september 2018

sæti	bátur	forgjöf	félag	sigldur tími	leiðr. tími
1	Dögun	0,838	Brokey	01:45:49	01:28:40
2	Ísmolinn	0,981	Þytur	01:32:44	01:30:58
3	Besta	0,941	Brokey	01:37:45	01:31:59
4	Sif	0,940	Ýmir	01:40:16	01:34:15
5	Lilja	0,968	Brokey	01:38:14	01:35:05
6	Íris	0,885	Brokey	01:47:51	01:35:27
7	Sigurborg	0,931	Ýmir	01:43:06	01:35:59

ÍSLANDSBIKARINN 2018

Sæti	Bátur	Félag	Opnunarmót	Faxaflóamót	Íslandsmót	Lokamót	Samtals
1	Íris	Brokey	10	8	8	4	30
2	Dögun	Brokey	8	5	7	10	30
3	Ísmolinn	Þytur	5		10	8	23
4	Sigurborg	Brokey	6	7	6	3	22
5	Besta	Brokey		10		7	17
6	Lilja	Þytur	7			5	12
7	Ögrun	Brokey	4		5		9
8	Skegla	Þytur		6			6
9	Sif	Ýmir				6	6
10	Aquarius	Brokey			4		4
11	Ásdís	Þytur		4			4



Að loknu Íslandsmóti á Akureyri

Reikningar 2018

Rekstrarreikningur

1.1.2018-31.12.2018

Rekstrartekjur	2018	2017	2016
ÍSí útbreiðslustyrkur ¹	3.593.995	3.210.149	2.956.233
ÍSí Lottó	3.202.034	3.432.954	3.267.302
Styrkur frá stjórnvöldum	2.750.000	2.800.000	2.600.000
Styrkur frá einkaaðilum og leiga á 29er	0	0	444.000
Vörusala (hagnaður)	257.969	105.005	282.641
IRC forgjafir	182.472	172.518	213.020
	9.986.470	9.720.626	9.763.196
Rekstrakostnaður			
Launakostnaður	5.985.235	5.722.426	5.946.965
Leiga skrifstofu og skrifstofukostn.	639.475	620.261	629.517
Fundir erlendis	944.032	1.004.873	1.441.020
Fundir innanlands	372.410	0	13.575
Fagteymiskostnaður ²	47.300	0	0
Námskeið, æfingabúðir og keppnir	2.636.554	872.928	827.007
Styrkir og gjafir ³	53.900	42.700	43.856
Kostnaður v/forgjafar	105.876	61.079	112.837
Félags og aðildargjöld	154.918	147.765	268.500
	10.939.700	8.472.032	9.283.277
Hagnaður/-Tap fyrir fjármagnsgjöld	-953.230	1.241.594	479.919
Fjármunatekjur	51.750	35.445	28.916
Vaxtagjöld og verðbætur	-42.269	-57.839	-60.592
Fjármunatekjur/ - gjöld	9.481	-22.394	-31.676
Hagnaður/-Tap ársins	-943.749	1.219.200	448.243

Skýringar

1. Þessi upphæð skiptist í útbreiðslustyrk 2.393.995 og styrk úr Afrekssjóði ÍSí 1.200.000.

2. Þessi liður er nýr á rekstrarreikningi. Skv. samningi við Afrekssjóð verður SÍL að sýna fram á tekjur og gjöld vegna afreksstarf og má því búast við ítarlegri uppsetningu á rekstrarreikningi næsta árs.

Efnahagsreikningur
31.12.2018

Eignir	2018	2017	2016
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	2.291.691	2.830.365	2.754.070
	<u>2.291.691</u>	<u>2.830.365</u>	<u>2.754.070</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	449.829	901.048	3.928.756
	<u>449.829</u>	<u>901.048</u>	<u>3.928.756</u>
Handbært fé			
Bankainnistæður	4.159.759	5.043.465	913.817
	<u>4.159.759</u>	<u>5.043.465</u>	<u>913.817</u>
Eignir Alls	<u><u>6.901.279</u></u>	<u><u>8.774.878</u></u>	<u><u>7.596.643</u></u>
Skuldir og eigið fé	2018	2017	2016
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6.724.651	8.455.797	7.236.597
Eigið fé alls	<u>6.724.651</u>	<u>8.455.797</u>	<u>7.236.597</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	176.628	319.081	360.046
Viðskiptaskuldir alls	<u>176.628</u>	<u>319.081</u>	<u>360.046</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>6.901.279</u></u>	<u><u>8.774.878</u></u>	<u><u>7.596.643</u></u>

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2018 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 22. febrúar 2019



Gunnar Haraldsson

Pétur Th. Pétursson